



Reykjavík, 2. október 2023

PON2111084

Viðtakandi: Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar

Sendandi: Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Samkeppnisútböð nr. 15574 Gagnavers- og tölvuskýjaþjónusta fyrir Reykjavíkurborg

Verðtilboð í ofangreindu EES útböði þjónustu- og nýsköpunarsviðs Reykjavíkurborgar (PON) voru opnuð á innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar þann 20. september 2023.

Eftirfarandi aðilar skiluðu inn tilboði:

1. Opin kerfi hf.
2. Sýn hf.
3. Endor ehf.

Alls voru tveir viðaukar sendir út á tímabilinu 20.07 til 29.08 2023. Fyrri viðaukinn innihélt framlengingu á tilboðstíma eftir fyrirspurn frá bjóðanda með ósk um framlengingu. Opnun var frestað frá 21. ágúst til 6. september 2023. Seinni viðaukinn innihélt svör við fyrirspurnum.

Forsendur fyrir vali tilboðs voru eftirfarandi, sbr. kafli 0.8 í útböðslýsingu:

Forsendur fyrir vali kaupanda eru besta hlutfall milli verðs (30%) og gæða (70%).

Stig fyrir gæði voru gefin fyrir lengd á myrkum ljósleiðara frá aðalsal að hnútpunkti kaupanda (10%), akstursfjarlægð frá Borgartúni 12-14 að aðalsal (10%) og fyrir innsendar greinargerðir (50%). Matsnefnd þriggja aðila á vegum kaupanda yfirfór innsendar greinargerðir bjóðenda og gaf þeim stig. Eftir yfirferð tilboða lá fyrir hvaða bjóðandi var með hagkvæmasta tilboð á grundvelli verðs og gæða, Opin kerfi hf. Tilboðsverðið var 16% yfir kostnaðaráætlun kaupanda en kaupandi áskildi sér rétt til að taka tilboði sem er hærra en kostnaðaráætlun, sbr. kafli 0.8 í útböðslýsingu.

Kaupandi ákvað að hefja ekki samningsviðræður og leggur til að samið verði við þann aðila sem á hagkvæmasta gilda tilboð án frekari samningsviðræðna, líkt og áskilnaður er gerður um í kafla 0.1.4 í útböðslýsingu.

Innkaupaskrifstofa hefur yfirfarið tilboð Opinna kerfa hf. m.t.t. til krafna um fjárhagslegt hæfi og staðfest að Opin kerfi hf. uppfylla kröfur um fjárhagslegt hæfi. Þjónustu- og nýsköpunarsvið hefur yfirfarið tilboðið og staðfest að kröfur um tæknilega og faglega getu eru uppfylltar.



Þjónustu- og nýsköpunarsvið leggur til að gengið verði að tilboði Opinna kerfa. hf. að fjárhæð 465.704.918 kr. án vsk, enda uppfyllir það allar kröfur útboðsgagna og er hagkvæmasta tilboð á grundvelli besta hlutfalls milli verðs og gæða.

Virðingarfyllst,

Loftur Steinar Loftsson

Deildarstjóri kerfisstjórnar og tæknireksturs

Hjálagt:

Opnunarfundargerð

Greinargerð (**trúnaðarmál**)



Árið 2023, þann 20. september kl. 14:50 voru verðtilboð opnuð í Borgartúni 12-14, Reykjavík, í samkeppnisútbóði nr. 15574 Gagnavers- og tölvuskýjaþjónusta. Tilboð opnaði og fundargerð ritaði Ólafur Steingrímsson.

Á tilboðsfresti voru sendir út tveir viðaukar.

Tilboð bárust frá eftirtölum aðilum	Tilboðsfjárhæð án vsk.	
1 Opín kerfi hf.	465.704.918	116%
2 Sýn hf.	381.806.498	95%
3 Endor ehf.	364.982.042	91%
Kostnaðaráætlun:	400.000.000	100%

Fleiri tilboð bárust ekki.

Opnun verðtilboða lokið kl. 14:52